

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsvíkurkaupþún.

1. gr.

Takmörk Ólafsvíkurhafnar eru Ytra klif að austan, en Ólafsvíkurtangi og Ytri hafnargarður að vestan.

2. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á Ólafsvíkurhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, skal stofna hafnarsjóð fyrir Ólafsvíkurkaupþún.

3. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður ákveðið:

A. Vörugjald:

Af vörum sem fluttar eru á land innan takmarka Ólafsvíkurhafnar, eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það, er hér segir:

1. Af salti kr. 1.00 af hverri smálest.
2. — kolum kr. 1.00 af hverri smálest.
3. — óverkuðum saltfiski og hertum fiskbeinum kr. 1.50 af hverri smálest.
4. — verkuðum saltfiski kr. 2.00 af hverri smálest.
5. — hausuðum og flöttum fiski kr. 3.00 af hverri smálest.
6. — sementi og útlendum áburði kr. 2.00 af hverri smálest.
7. — trjáviði og vörum þeim, sem mældar eru í teningsf. 0,05 af hverju tenf.
8. — öllum öðrum inn- og útflutningi, nema endursendum umbúðum, póstflutningi og farþegaflutningi, kr. 6.00 af hverri smálest.

Vörugjaldið greiðist af inn- eða útflytjanda hverrar gjaldskyldrar vörutegundar.

Útgerð hvers báts ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins samkv. 5. lið.

Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu við 1.—4. lið telst sem heil gjaldeining. Af broti úr gjaldeiningu við 5.—8. lið greiðist hlutfallslegt gjald miðað við gjaldeiningu. Minnsta gjald af vörusendingu skal þó vera 20 aurar. Öll vörugjöld skulu reiknast þannig, að deilanlegt sé með 5, þannig að hækkað sé upp ef brotið að deilingunni lokinni er meira en $\frac{1}{2}$, en lækkað ef minna er.

Gjaldið skal ákveða samkvæmt farmskrám skipa eða farmskírteinum, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Ólafsvík, innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipsins.

Ef vörur eru fluttar með skipum, sem ekki hafa farmskírteini, skulu skip-

stjórar slíkra skipa gefa hafnarnefnd skýrslu um vöruflutninginn, ef hún óskar þess. 127

14. des.

Öllum bátaformönnum, er fiskveiðar stunda í Ólafsvík, ber að kvöldi hvers dags, er til fiskiróðra hefir verið farið, að afhenda hafnarnefnd skýrslu um hve mikið þeir hafa flutt á land þann dag af hausuðum og flöttum fiski. Sá er afhendir ranga skýrslu, skal sæta sektum samkvæmt 9. gr.

B. Festargjald:

Fyrir skip og báta, sem ekki eiga heima í Ólafsvík, en leggjast að bryggju eða hafnargarði Ólafsvíkurhafnar eða liggja innan hafnargarða, sólarhring eða skemur, ber að greiða gjald, sem hér segir:

1.	Fyrir skip	6—12	smálestir	brúttó kr.	2.00
2.	— —	12—40	— —	— —	4.00
3.	— —	40—60	— —	— —	5.00
4.	— —	60—100	— —	— —	7.00

Heimilt er hafnarnefnd að semja um lækkun á framangreindu gjaldi við þá báta, er að staðaldri stunda fiskveiðar í nánd við Ólafsvík og oft leita hafnar þar.

4. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni felur hreppsnefndin hafnarnefnd, er hún kys til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar, þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorazt undan endurkosningu fyrr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt 3. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar hafnarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum hennar.

Hafnarnefnd sér einnig um allt, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstaklega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist ráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum eða tekju-liðum.

Við lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, skal hafnarnefnd semja

- 127 reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á hinu liðna ári, ennfremur reikning um eignir og skuldir hafnarsjóðs í árslokin.

Reikningar hafnarsjóðs skulu, ef unnt er, samdir fyrir 15. janúar, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga, en í síðasta lagi skulu þeir fullsamdir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Reikninga hafnarsjóðs skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, og skal afrit hafnarsjóðsreikningsins fylgja sveitarsjóðsreikningi Ólafsvíkurhrepps.

Reikningar hafnarsjóðs skulu úrskurðaðir af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

5. gr.

Eigum og fé hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hafnarsjóðsins og reikningsskilum, og eignum og fé hafnarinnar eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Hreppssjóður Ólafsvíkurhrepps ábyrgist skuldir hafnarsjóðs.

6. gr.

Allir, sem nota bryggju hafnarinnar, eru skyldir að ganga hreinlega um hana og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert tafarlaust, svo fullnægjandi sé, annast hafnarnefnd um ræstinguna á kostnað hlutaðeiganda. Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óhreinindum í höfnina innan hafnargarða.

7. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða svæðinu fyrir ofan hana lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er heimilt að láta flytja vörurnar burt á kostnað eigenda eða þeirra, sem um þær eiga að sjá.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, er renna í hafnarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 60, 28. nóvember 1919, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1937. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkaupþún frá 3. júní 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.